

Fóstbræðrasögur

BÆKUR

Smásögur

HUNDABÓKIN

eftir Þorstein Guðmundsson. 223 bls. Mál og menning 2002.

Í Hundabókinni eftir Þorstein Guðmundsson, einn Fóstbræðra, eru sjö smásögur „af fólki í misgóðu sambandi við sitt dýrslega eðli“ eins og segir á vel útfærðri bókarkápu (eftir Harra). Sögurnar heita eftir nöfnum (aðal)persóna, fimm sagnanna gerast í Reykjavík samtímans en tvær úti á landi. Margt er óvenjulegt og mjög vel gert í þessum sögum. Í sögunni Magnea er byggð upp skemmtileg spennan milli efnis og innihalds. Sögumaðurinn, róninn Magnús, reynir að draga upp mynd af sjálfum sér sem ágætum en viðkvæmum sómamanni með sjálfsvirðingu. En líf hans er eintómt klúður og vesöld og textinn afhjúpar aumingjaskapinn miskunnarlaust. „Hvílík mistök og hvernig er hægt að klúðra lítilli og þægilegri íbúð í Laugarneshverfinu nema með meðfæddri óheppni?“ hugsar Magnús í bullandi sjálfsvorkunn (153). Tilsvör, athafnir og uppátæki þeirra rónahjóna í sögunni eru alveg óborganleg. Ein sagan er byggð upp sem eintal RabBa, þjóns á Prikinu sem rabbar um alla heima og geima. Lífsviðhorf hans er alíslensk rassvasaheimspeki eins og hún gerist best: „Nútímaþjóðfélag býður bara ekki upp á neitt annað en að maður fylgist með og reyni að fylgja þeim straumum sem eru í gangi ef maður á ekki að verða undir í baráttunni um góða ímynd og tekjur“ segir RabBi (100). Hann er ekki ólíkur heildsalanum í kvikmyndinni Íslenska draumnum og Hlyni Birni úr 101 Reykjavík; sjóndeildarhringurinn er álíka þröngur og sjálfhverfur og hugmyndirnar koma á færbandi beint úr fjölmiðlum: glansblöðum, bíómyndum og kjaftaþáttum.

Kaldhæðnin er áberandi í sögum Þorsteins. Presturinn Steindór verður t.d. fyrst vandamál kirkjunnar manna þegar hann gerist trúaður, kynórar hins lágvaxna Lárusar endurspegla vanmáttarkennd hans á grátbroslegan hátt, haturssamband bræðra getur bara versnað og ástfanginn hundur setur strik í reikning hjá elskendum. Líkingarnar eru hressilegar og draga dóm af nútímanum, engin lopaorðtök eða fornir þjóðhættir: „Við sátum vandræðaleg hvort á móti öðru eins og viðskiptavinur og þjónustufulltrúi“ (22), „Mér leið eins og ungri stúlku sem er plötuð til að leika í klámmynd og sér svo eftir öllu“ (115). Stíllinn er frjálstlegur og talmálskenndur, en er eftirfarandi setning óvart málarslega röng? „Mér hefur alltaf vantað sjálfstraustið“ (151). Þorsteinn dregur persónur sínar sundur og saman í háði og virðist ekki hafa minnstu samúð með þeim. Efni sagnanna í heild er hundalíf alls konar fólks sem er einmana, misskilið, lifir í sjálfsblekkingu eða er utangarðs af einhverjum orsökum. Hundabókin er bæði grípandi og hundskemmtileg lesning.

Steinunn Inga Óttarsdóttir